Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Starfsáætlun 2026– 2027



Barnaheimilið
Ós

Efnisyfirlit

1 Greinargerð leikskólastjóra....3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026....4
3 Umbótaáætlun 2026-2028....5
4 Innra mat deilda....7
5 Umbótaáætlun deilda 2026-2027....8
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans....8
7 Sérstakar áherslur í samstarfi við aðra skóla....9
8 Foreldrasamvinna....9
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal....11
10 Fylgiskjöl....12

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta skólaár einkenndist af áframhaldandi vinnu við að bæta skipulag og ferla og efla faglegt starf leikskólans. Unnið var að bættum starfsaðstæðum á húsnæði bæði fyrir börn og starfsfólk þar sem m.a. ný kaffistofa, ný undirbúnings aðstaða og lista- og hópastarfsrými voru tekin í notkun en þessi rými eru skilgreind sem fjölnota rými fyrir börn og starfsfólk.

Nýtt vinnuskipulag skilaði góðum árangri í að manna opnunartíma skólans og hefur það skilað okkur bættri viðveru starfsmanna um ca 60%. Það hefur fært okkur rólegra og gleðiríkara starfsumhverfi og góðri líðan allra í skólanum, eins og komið hefur fram bæði í foreldra- og starfsmannakönnunum.

Í vinnu með faglegt starf var unnið að eflingu málörvunar, fræðst um jákvæðar og uppbyggjandi leiðir í samskiptum og agastjórnun, listsköpun ungra barna, lærðum um krakkajóga, vettvangsferðir og útinám, hvernig efla má hlutverkaleikinn og þróun starfs með elstu börnunum. Boðið var upp á námskeið um jákvæða vinnusálfræði sem lið í að byggja upp jákvæða skólamenningu til að ná skapa vellíðan í skólanum. Einnig var bætt verulega í bókakost skólans og náms- og leikefni ýmiskonar.

Unnið var að því að bæta og útbúa gögn fyrir bæði innra og ytra mat og eftirlit skólans. Skólapúlsinn framkvæmdi starfsmannakönnun fyrir skólann, unnið var að áætlunum og listum fyrir innra eftirlit SFS og málþroskaprófið Tras innleitt.

Í vor var fyrsta útskrift á Ósi í fimm ár þegar tvær af okkar elstu nemendum voru útskrifaðar með pomti og prakt og er mikill spenningur fyrir næsta vori þegar gert er ráð fyrir að útskrifa níu börn og verður dásamlegt að vinna á þessu skólaári með stóran útskriftarhópi á Ósi í fyrsta sinn í langan tíma.

Á komandi skólaári munum við halda áfram að vinna að því að bæta skólastarfið og starfsaðstæður og eru spennandi verkefni framundan. Við erum komin á heilsubraut með það að markmiði að verða heilsuleikskóli og munum aðlaga starfið okkar að viðmiðum **Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur**. Við byrjum að skrá þroska og líðan í Heilsubók barnsins í haust sem undirstöðu í mati á þroska og líðan barnanna og verða upplýsingar nýttar í foreldraviðtölum. Þar sem miklar breytingar hafa verið í þróunar og nýbreytni starfi síðustu tvö ár verður samhliða innleiðingu heilsustefnunnar unnið að endurmati á skólanámskránni í vetur.

Engar stórvægilegar breytingar verða í starfsmannhópnum á þessu skólaári en tveir nýir starfsmenn byrja í haust sem eru með nokkurra ára starfsreynslu í leikskólum. Mannauður á Ósi er mikill þar sem meðal starfsreynsla kennara og stjórnenda er 8,5 ár og er það að skila góðum árangri í þróunar- og nýbreytnistarfi skólans.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Starfsánægjukönnun	
Hvað var metið?	• Starfið • Starfsfólk • Vinnustaðurinn • Stjórnun • Uppeldi og menntun • Símenntun og undirbúningur
Hvernig metið?	Spurningakönnun Skólapúlsins
Hverjir tóku þátt?	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður **Styrkleikar og tækifæri**	Samkvæmt niðurstöðum felast styrkleikar skólans í mikilli og/eða nokkurri ánægju í starfi hvað varðar vinnuálag, leikni og helgun í starfi, starfsanda, starfsþróun, stuðningi í starfi, virkni foreldra, starfsþróun ofl. Tækifæri felast í að styrkja kennara/starfsfólk enn frekar í hlutverki sínu, auka virka samræðu um starfið, upplýsa betur um aðgengi að sérfræðingum og stuðningi við börn með sérþarfir. Þessi vinna mun fara fram samhliða endurmati á skólanámskrá.

Ytra mat

Samkvæmt reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum (nr. 893/2009) er Reykjavíkurborg skylt að fylgjast með leikskólastarfi allra leikskóla sem reknir eru í borginni.

Árlegt eftirlit SFS	
Hvernig fór matið fram?	• Umbeðin gögn frá leikskóla eru yfirfarin • Stjórnendur leikskólans svara könnun • Rafrænn fundur leikskólastjóra og eftirlitsaðila • Heimsókn eftirlitsaðila í hluta leikskóla • Niðurstöður sendar stjórnendum og rekstraraðila.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats	**Gögn frá leikskólanum:** **Skólanámskrá:** Samkvæmt leikskólastjóra er endurskoðun skólanámskrár í vinnslu. Hvatt er til þess að sú vinna klárist fljótlega árið 2026. **Í könnun til leikskóla er spurt um eftirfarandi þætti:** **Börn og starfsfólk**. Fjöldi starfsfólks, út frá fjölda barna er samkvæmt viðmiðum **Innritun og opnunartíma:** Reglur Reykjavíkurborgar um innritun eru hafðar til viðmiðunar. Opnunartími leikskólans er 07:30-16:30. **Öryggismál:** Brunaæfing er á áætlun 2026 og skyndihjálparnámskeið var í október 2025.

	Öryggisáætlanir: Slysaskráningar og rýmingaráætlanir eru til staðar sem og fáliðunarferill og yfirferð á útileiksvæði. Aðrar áætlanir sem spurt var um vantar. **Foreldrasamvinna:** Upplýsingar úr könnun gefur til kynna að foreldrasamvinna sé viðunandi. Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra var kynnt foreldrum í nóvember 2025, samhliða starfsáætlun. **Uppeldis- og menntastarf:** Verið er að vinna áætlun um mat á námi barna. Nýir stjórnsendur hafa unnið að eflingu fagstarfsins í leikskólanum sl. ár. Í leikskólanum er lausnarteymi og sérkennslustjóri. Leikskólinn vinnur náið með skólaþjónustu og er ánægja með samstarfið.
Heimsókn Leikskólinn var heimsóttur 5. desember af tveimur fulltrúum Reykjavíkurborgar. Hlýlegt og gott andrúmsloft var í leikskólanum og góðar móttökur. Sýnilegur munur er á leikrými barna og efnivið eftir að umbætur voru innleiddar á árinu. Listasmiðja var tekin í notkun í kjallara hússins og nýtist mjög vel til sköpunar og annara verkefna með börnum. Nýr sérkennslustjóri var ráðin og gott samstarf er við skólaþjónustu. Breytingar á starfsháttum sem hafa verið innleiddar eru sjáanlegar í heimsókninni, t.d á skipulagi deilda og eru styrkleikar starfsfólksins nýttir í starfinu. Mikil áhersla er á vellíðan barna, leik og læsi. Endurbætur standa yfir á starfsmannaaðstöðu og nýlega var eldhúsið tekið í gegn með nýjum tækjum.	
Tækifæri til umbóta	Hvatt er til þess að vinna við skólanámskrá klárist fljótlega árið 2026. Áfallaáætlun, verklagsreglur varðandi tilkynningar til barnaverndar, viðbragðsáætlun við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns vantar sem og verklagareglur varðandi ágreining og eineltismál.

3 Umbótaáætlun 2026-2028

Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum starfsmannakönnunar á vegum Skólapúlsins, foreldrakönnunar SFS ásamt fræðslu og samtölum starfsfólks á fundum og skipulagsdögum um eflingu innra starfs og bætt starfs- og námsumhverfis skólans.

INNRA MAT	
Tækifæri til umbóta **Hvaða árangri er stefnt að?**	Þróa fjölbreyttar leiðir fyrir innra mat skólans
Aðgerðir til umbóta **Hvernig á að framkvæma það?**	• Finna og/eða þróa leiðir til að meta innra starf skólans s.s. þroska og líðan barna • Útbúa lista yfir viðfangsefni mats og matstæki, s.s. hvernig verið er að meta ákveðna þætti (Fylgiskjal 1)
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2028
Hvenær og hvernig á að meta? **Hvaða aðferðir á að nota við matið?**	Verki lokið þegar viðfangsefnum innra mats er náð, þ.e. að öllum þáttum innra mats samkvæmt kröfum SFS er náð
Viðmið um árangur	• Foreldrakönnun • Starfsmannakönnun • Heilsubók barnsins • Ytra eftirlit SFS

STJÓRNUN	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Bæta aðbúnað leikskólans bæði fyrir börn og starfsmenn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Endurnýja leikefni, húsbúnað, tæki og tól.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2028
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Gera áætlun um endurnýjun og kostnaðargreina. Meta framgang á deildar- og stjórnunarteymisfundum
Viðmið um árangur	• Foreldrakönnun • Starfsmannakönnun • Fundir og skipulagsdagar
STJÓRNUN frh	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Styrkja samstarf heimilis og skóla í uppeldishlutverkinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þróa leiðir í foreldraráðgjöf í samstarfi við Vesturmiðstöð, um t.d. svefn, málörvun, þroska, samskipti ofl.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2028
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	• Viðhorfskönnun foreldra og í foreldraviðtölum • Lausnarteymisfundir
Viðmið um árangur	• Foreldrakönnun • Starfsmannakönnun • Ytra eftirlit SFS Reykjavíkurborgar
STJÓRNUN frh	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skilgreina stefnu skólans betur, vinna markvisst með hana og upplýsa foreldra um stefnu og starfshætti skólans. Engurgera skólanámskrá
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Vinna að endurgerð skólanámskrár í samstarfi við allt leikskólasamfélagið • Þróa reglulegt upplýsingaflæði til foreldra um stefnu og starfsþætti
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2028
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	• Útgáfa á nýrri skólanámskrá • Umræður og endurmat á stjórnenda- og starfsmannafundum • Viðhorfskönnun foreldra og í foreldraviðtölum
Viðmið um árangur	• Foreldrakönnun • Starfsmannakönnun • Skólanámskrá • Ytra eftirlit SFS Reykjavíkurborgar

UPPELDIS OG MENNTASTARF	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla fjölbreytni, framsetningu og aðgengi viðfangsefna (náms- og leikefni) barnanna. Innleiða Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og samskiptastefnuna Rósemd og Umhyggja með það að markmiði að efla faglegt starf, gera það markvissara og gera kennara og foreldra meira meðvitaðri um stefnu og starfshætti skólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Fara yfir leik- og námsefni og skipta þeim á milli hæða/hópa eftir aldri og þroska barnanna • Endurnýja það sem þarf og safna opnum efniviði • Bæta uppsetningu námsumhverfis ásamt aðgengi og framsetningu viðfangsefna • Innleiða viðmið Heilsuleikskóla • Innleiða starfsaðferðir RogU um jákvæð og uppbyggjandi samskipti.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2028
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Farið yfir árangur á deildar- og stjórnunarteymisfundum og leiðir til að virkja börnin í þessari vinnu skoðaðar
Viðmið um árangur	• Niðurstöður úr foreldrakönnun • Ytra eftirlit SFS Reykjavíkurborgar • Starfsmannakönnun • Viðhorfs- og líðankönnun meðal barna

4 Innra mat deilda.

Ekkert formlegt mat fór fram á starfi deilda nema deildarfundir sem voru haldnir mjög reglulega sem leið til umbóta á starfinu.

Þar hefur dagskipulagið verið þróað áfram með góðum árangri þannig að árekstrar á verkefnum hafa minnkað og skapast hefur meiri ró og gott flæði í leik og starfi. Faglegt starf á deildum hefur eflst til muna sem má sjá í leik og starfi barnanna ásamt mun meiri ró og betri líðan. Mikil fræðsla og þróun hefur farið fram og hefur starfið verið endurmetið jafn óðum á fundum og skipulagsdögum.

Á næsta ári verður unnið enn frekar að því að efla faglegt starf með börnunum enn frekar eins og fram kemur í umbótaáætlun hér að ofan.

5 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

ÖLL BÖRN – yngri og eldri deildir	
Umbótaþáttur	Námsumhverfi og náms- og leikefni
Tækifæri til umbóta	Bæta námsumhverfi og efla fjölbreytni, framsetningu og aðgengi viðfangsefna (náms- og leikefni) barnanna
Aðgerðir til umbóta	• Fara yfir leik- og námsefni, endurnýja það sem þarf og safna opnum efniviði til leiks og sköpunar • Þróa málörvunar verkefni og mat á málþroska • Halda námskeið um námsumhverfi og framsetningu námsefnis • Bæta uppsetningu námsumhverfis og aðgengi og framsetningu viðfangsefna • Þróa leiðir til að efla flæði í leik á milli hæða á eldri deild með nýtingu húsnæðis að leiðarljósi • Innleiða Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur þar sem í viðmiðum er áhersla á leikinn, rými og búnað
Ábyrgð	Stjórnunarteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026 -2028
Hvenær og hvernig á að meta? **Hvaða aðferðir á að nota við matið?**	• Á deildar- og starfsmannafundum með samræðum um árangur og framhald umbóta • Foreldrakönnun SFS • Könnun meðal barna

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Stefnt er að starfsþróunarsamtölum á haustönn.

Lögð verður áfram áhersla á fræðslu um faglegt innra starf með áherslu á flæðandi og skilvirkt skipulag í leik og starfi. Skoðað verður námsumhverfi og skipulag deilda ásamt framsetningu náms og leikefnis.

Skólinn er að taka upp Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og verður markviss fræðsla um heildarsýn stefnunnar og áhersluþætti sem verður góð viðbót við þróunar- og nýbreytnistarf síðustu tveggja ára. Markmið heilsustefnunnar er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu, auka gleði og vellíðan með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun og efla þ.m. velferð og heilbrigði barna.

Einnig munum við kynna okkur samskiptastefnuna Rósemd og umhyggja sem Hulda Jóhannsdóttir skólastjóri á Ósi þróaði 2010 á sínum gamla vinnustað í tengslum við framhaldsnám í stjórnun menntastofnana og með styrk úr þróunarsjóði skóla í Grindavík. Markmið stefnunnar er að viðhafa rósemd (hæglæti) og umhyggju í öllu starfi skólans og skapa

þar með kærleiksríkt náms- og starfsumhverfi þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig sköpum við skólamenningu sem einkennist af jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum sem er undirstaða vellíðunar og þar með hæfni til að tileinka sér nám.

Ljóst er að þessi verkefni eru stór og mörg og er verið að horfa til næstu tveggja til þriggja ára í umbótavinnu með mottóið „góðir hlutir gerast hægt“ í farteskinu.

Námskeið

- **Heilsustefnan**
  - Hreyfing – Sköpun – Næring
  - Heilsubók barnsins – gæðamatskvarði heilsustefnunnar
  - Lífsleikni (Rósemd og umhyggja)
    - Jákvæð og uppbyggjandi samskipti
    - Vellíðan einstaklingsins
    - Styrkja sjálfsmynd
    - Lífsgildi lykilatriði
    - Lýðræði
  - Mæta þörfum einstaklingsins - Kærleikurinn, frelsið, virðing og glaðværð
  - Uppeldishlutverkið - Kennarar eru fyrirmyndir barna
  - Leikurinn - Gefa leik tíma og rými
  - Húsnæði og umhverfi - Veita vellíðan, hvetjandi, öruggt, fjölbreytt
  - Heilsuleikskólinn og heimilið - Virkt foreldrasamstarf

- **Rósemd og umhyggja** – samskiptastefna (Hulda Jóhannsdóttir)
  - Jákvæð og uppbyggjandi samskipti – jákvæður agi
  - Samkennd og hjálpsemi
  - Virðing og viðhorf
  - Vellíðan og innri ró
  - Sjálfstæði og sjálfsmynd

7 Sérstakar áherslur í samstarfi við aðra skóla

Engar sérstakar áherslur eru í samstarfi við aðra grunnskóla en verið er að byggja upp samstarf við leikskóla í nágrenninu og þá sérstaklega Skerjagarð.

8 Foreldrasamvinna

Á Ósi er lögð áhersla á öflugt foreldrasamstarf enda foreldrarekinn skóli þar sem foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á rekstri skólans og taka mikinn þátt í starfinu og uppbyggingu þess. Fimm manna stjórn er kosin ár hvert á aðalfundi. Stjórnarmeðlimir skipta með sér hlutverkum formanns, gjaldkera, ritara, umsjónarmanns starfsráðs og umsjónarmanns vinafjölskyldna. Starf stjórnar er

ólaunað. Heimilt er hverju foreldri að sitja í stjórn einu sinni með hverju barni, í mesta lagi tvö ár í senn.

Stórfundir eru foreldrafundir sem eru haldnir 5 sinnum á ári og er skyldumæting á þá frá öðru hvoru foreldrinu. Þeir eru æðsta ákvörðunarvald skólans.

Verkefni stórfunda er:

- Umræður og stefnumörkun um uppeldi og menntun barnanna
- Ræða athugasemdir og ábendingar frá foreldrum og starfsfólki
- Kynning á því sem starfsfólk er að vinna að með börnunum
- Kynning á því sem stjórn er að vinna að
- Fjármál og rekstur skólans
- Verklegar framkvæmdir
- Kynning á inntöku nýrra barna og ráðningu starfsfólks
- Ráðning leikskólastjóra
- Samþykkt skólanámskrár
- Önnur mál.

Foreldrasamfélagið heldur tvo vinnudaga þar sem fjölskyldurnar koma saman og vinna að lítils háttar verkefnum fyrir skólann og einnig nokkra viðburði yfir árið sem flestir eru haldnir á frídögum. Fjölskyldurnar fara saman að velja jólatré, halda þrettándagleði, skiptimarkað, sumahátíð ofl. Nefndir eru skipaðar til að halda utan um þessa viðburði í upphafi hvers skólaárs.

Sem stendur er Ós eini foreldrarekni leikskólinn í Reykjavík. Það er því einstakt tækifæri fyrir fjölskyldur sem leggja áherslu á virka fjölskyldusamveru og þátttöku í námi barnanna að vera á Ósi. Samvinna hefur alla tíð verið drifkrafturinn í starfinu og helsta ástæða þess að skólinn hefur starfað í öll þessi ár. Vilji foreldra og starfsfólks til að reka skólann í sameiningu hefur skapað sérstakt andrúmsloft þar sem börnin og fjölskyldur þeirra fá tækifæri til að skapa sér heildstæða veröld í heimilislegu umhverfi.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á árinu og er verið að skoða að nýta 2 þeirra í námsferð næsta vor. Sumarlokun leikskólans er 5. júlí – 3. ágúst.



10 Fylgiskjöl

VIÐFANGSEFNI INNRA MATS		
Þáttur	**Viðfangsefni**	**Mats aðferðir**
STJÓRNUN	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	▪ Skólapúlsinn - starfsmannakönnun
	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	▪ Skólapúlsinn - starfsmannakönnun
	Faglegt samstarf	▪ Skólapúlsinn - starfsmannakönnun
	Skólaþróun og símenntun	▪ Skólapúlsinn - starfsmannakönnun
	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	▪ Skólapúlsinn - starfsmannakönnun
UPPELDI- OG MENNTUN	Skipulag náms og námsaðstæður	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Uppeldi, menntun og starfshættir	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Námssvið leikskólans	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Leikskóli án aðgreiningar	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Mat á námi og velferð barna	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
MANN-AUÐUR	Hlutverk leikskólakennara	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun
	Fagmennska starfsfólks	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun
	Starfsánægja	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun
SKÓLA MENNING	Viðmót og menning	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Velferð og líðan barna	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla
	Viðhorf foreldra	▪ Skólapúlsinn – starfsmannakönnun ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun ▪ SFS – ytra mat leikskóla

F. h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2026 – 2027
Barnaheimilið Ós - leikskóli

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, sl ár hafa miklar umbætur átt sér stað á Ósi. Starfsumhverfi hefur bæst til muna með ný uppgerðu eldhúsi og nýrri kaffistofu, þetta hefur sýnilega mjög jákvæð áhrif á starfsmannahópinn enda lítið um veikindi eða illa mannaðan skóla. Þá hafa umbætur í námsumhverfi barnanna einnig bætt starfið til muna.

Almennt ríkir mikil ánægja meðal foreldra vegna þessa og á Hulda og stjórnendateymið mikið hrós skilið fyrir þessar umbætur. Við erum spennt að sjá hvernig framhaldið verður með nýjum áherslum eins og heilsustefnunni og nýrri skólanámskrá.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

Eydís Sól Steinarsdóttir, Vilhjálmur Sveinsson, Katrín Ásta Jóhannsdóttir, Katrín Helena Jonsdottir, Auður Guðjónsdóttir, Marín Björt Valtýsdóttir og Gunnhildur Helga Katrínardóttir


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST